Fundur Foreldrafélags Lágafellsskóla – 3. fundur - Skólaárið 2021-2022

29. september 2021 kl. 20:30 – Staðsetning: Heimili formanns, Þrastarhöfða.

Mættir: Eva Ómarsdóttir (fundarritari), Grétar Þór Ævarsson, Petra Eiríksdóttir, Unnur Margrét Arnardóttir og Sævar Kristinsson

Dagskrá haustsins:

- Hrekkjavökuball:
    - Kanna möguleikann á að halda hrekkjavökuball.
    - 26.-28. október?
    - Matsalur eða íþróttasalur?
    - Tvískipt ball, yngsta og miðstig - klukkutími í senn
    - Bekkirnir skreyta salinn á skólatíma
    - Foreldrafélagið kaupir skreytingapakka
    - Tónlist – leikir?
    - Fá foreldra til að aðstoða: Skreytingar, leikir, gæsla, tiltekt.
    - Búa til draugagöng/hús – Fá 10. bekk til að taka það að sér? Fá í staðinn styrk fyrir útskriftarferðina?
    - Tala við deildarstjóra yngsta og miðstigs og kynna þessa hugmynd.
    - Nýta góða reynslu annarra skóla, s.s. í Laugardal og Sjálandsskóla.

- Kaffihúsakvöld fyrir nemendur og foreldra á unglingastigi. - okt/nóv
    - Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir. Athuga lausar dagsetningar og efnistök.
    - 10. bekkjar fjáröflun – kaffi- og veitingasala.
    - Kanna hjá skólanum/deildarstjóra unglingastigs með dagsetningar.

- Stjörnutjald fyrir 6. bekk.
    - Umræða hefur átt sér stað innan skólans um hvort þetta gæti hentar betur í 7. bekk.
    - Kanna hvenær þetta hentar – 6. eða 7. bekk?

- Uppákoma tengd jólum í desember:
    - Skoða þegar nær dregur.

Málefni sem FFLS ætlar að setja á oddinn skólaárið 2021-2022: <u>Símalaus skóli og aðbúnaðar á skólalóð Lágafellsskóla:</u>

- Fá fund með stjórnendum Lágafellsskóla sem fyrst þar sem þessi verkefni eru rædd og kynnt.

- Símalaus skóli:
    - FFLS reiðubúið að styðja við verkefnið fjárhagslega, t.d. með kaupum á borðtennisborði/fótboltaborði, spil o.s.frv.
    - Mikilvægt að gera kostnaðaráætlun fyrir verkefnið:
        - Launakostnaður í frímínútnagæslu
        - Pláss fyrir unglingana til að nýta í frímínútum, t.d. íþróttahúsið, kósýhorn, pláss í skólanum, frekari aðbúnaður? Kanna nýtingu á íþróttahúsinu.

    - Gera kannanir meðal nemenda og foreldra.
    - Taka saman rökstuðning fyrir símalausum skóla – Nýta góða reynslu annarra skóla.
    - Ræða málið innan SAMMOS

- Skólalóðin:
    - FFLS framkvæmir samanburð á skólalóð Lágafellsskóla við aðrar skólalóðir, m.t.t. stærðar og aðbúnaðs.
    - Fá upplýsingar um fjármagn sem ráðstafað hefur verið í uppbyggingu skólalóðarinnar sl. 10 ár og hvað sé fyrirhugað að leggja í þennan málaflokk í komandi fjárhagsáætlun.
    - Málið verður tekið upp á fundum með skólastjórnendum og í skólaráði
    - Ræða málið innan SAMMOS

- SAMMOS:
    - Leggja til að send verði fyrirspurn til fræðslusviðs Mosfellsbæjar um fræðslu og forvarnir fyrir starfsmenn skóla og leikskóla
    - Símalaus skóli
    - Skólalóðir

Fundi slitið kl. 22:30.